

Skipulagsstofnun  
Jón Þórir Þorvaldsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2018  
UST201809-108/B.S.  
10.05.04

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Eskifjarðarlína 1. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Ráðgert er að rífa um 1,7 km langan kafla af Eskifjarðarlínu 1 næst tengivirki við Eyvindará. Lagður verður jafn langur jarðstrengur frá tengivirkinu að mastri í Eskifjarðarlínu 1. Hluti jarðstrengsins og línunar liggja innan svæðis nr. 611 á náttúruminjaskrá, en verdargildi svæðisins er talið vera: „Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.“


Strengleiðin mun ekki fylgja núverandi línustæði nema á stuttum kafla þar sem strengurinn tengist núverandi línu. Að mati Umhverfisstofnunar er strengleiðin vel valin að því leyti að rask á kjarri verður mun minna en ef línustæðinu væri fylgt alla leið þar sem nú er farið að hluta um tún og mela. Þar sem farið er í gegnum Miðhúsaskóg er fylgt slóð sem rudd hefur verið í gegnum skóginn samsíða núverandi línu. Rask í skóginum mun því aðeins verða sem nemur breidd skurðar fyrir jarðstrenginn og eins og fyrr segir á stuttum kafla. Umhverfisstofnun telur að einungis rask á mjög litlum hluta skógarins muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 611 á náttúruminjaskrá þar sem aðrir þætti stuðla að verndargildi svæðisins og við þeim verður ekki hróflað.

Bent skal á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 ber að forðast að raska vissum vistkerfum þar á meðal birkiskógi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur